

# Vikufréttir

Vika 2 (07.01. – 11.01. 2019)

## Mánudagur

- ✓ Fundur í nemendaverndarráði kl. 14:00

## Þriðjudagur

## Miðvikudagur

- ✓ Stigsfundur á yngsta stigi kl. 13:30
- ✓ Stigsfundur á elsta stigi kl. 14:30

## Fimmtudagur

- ✓ Stigsfundur á miðstigi, kl. 14:30

## Föstudagur

### Annað:

Nemendur mættu hressir og kátir í skólann eftir jólafrí og hófu nám sitt á nýju ári. Útvarp Óðal 101, 3 var að störfum fyrir jólin og stóðu nemendur sig gríðarlega vel bæði við undirbúning og útsendingu útvarpsins. Margir áhugaverðir þættir voru fluttir, sem og fróðleikur, fréttir og góð tónlist. Ef einhver hefur misst af sínu barni í útsendingu er hægt að nálgast bekkjarþætti og bæjarmálin í beinni á slóðinni <https://borgarnes.wordpress.com/jol/jolautvarpid-2018/>

Nú er lestrarátak Ævars vísindamanns hafið í fimmta og síðasta sinn og nú nær átakið líka til foreldra. Að vanda verða fimm nemendur (og eitt foreldri) dregið út og gerð að persónum í næstu bók Ævars. Hann ætlar líka að veita einum nemanda í hverjum skóla bókaverðlaun. Lestrarmiða má nálgast á heimasíðu Ævars og svo vitaskuld á bókasafni skólans.

Heimasíða Ævars. <https://www.visindamadur.com/copy-of-lestraratakid-2017-2018?fbclid=IwAR1ocyTlJDmttBhJsgGJKDpSQWh1LPmlQx6cVfTe4aenF0i0iX8yAw39j64>

### Spakmæli:

*„Maðurinn er ekki stærri en draumar hans, hugsjónir, vonir og áform. Manninn dreymir og með því að láta drauminn rætast er það draumurinn sem skapar manninn.”*

## Valáfangar á mið- og unglíngastigi

Á fimmtudögum eru tvær kennslustundir á miðstigi helgaðar vali þar sem nemendur í 5. – 7. bekk velja viðfangsefni þvert á bekki. Þá blandast nemendur í hópa eftir áhuga þar sem fengist er við skapandi og spennandi viðfangsefni og mælist þetta mjög vel fyrir há þeim.

Valið skiptist upp í fjórar lotur, tvær fyrir áramót og tvær eftir áramót. Nú eru nemendur að velja í lotu þrjú og fjögur og þar eru mörg áhugaverð námskeið í boði. Nemandi velur sér eitt námskeið og tvö til vara í hvorri lotu. Við reynum að koma sem flestum í fyrsta val en stundum tekst það ekki og því er mikilvægt að skrá annað og þriðja val líka. Hér fyrir neðan má sjá þau námskeið sem eru í boði í lotu 3 og 4 á miðstigi.

Lota 3
Bakstur
Erasmus
Fortnite og aðrir rythmadansar
Fríhendisteikning
Kvikmyndir
Pappamassa og grímugerð
Skák
Spilaval

Lota 4
Boltaval
Hnútar og útivistarvenjur
Kvikmyndir
Kökuskreytingar
Skák
Spilaval
Trjágreinar
Útivist og nesti

Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla. Tilgangurinn með valfrelsi nemenda á unglíngastigi er að hægt sé að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform. Valið fer fram á **föstudögum kl. 12:10 til 13:10** og skiptist upp í fjórar lotur yfir veturinn líkt og á miðstigi. Og byrjar lota 3 nú í fyrstu viku janúar.

Þeir nemendur sem eru í stjórn Nemendafélagsins geta sótt um undanþágu frá vali 1,5 kest á viku. Þeir sem stunda afreksíþróttir eru í tónlistarskóla eða stunda nám í MB geta einnig sótt um undanþágu frá vali 1,5 kest á viku. Mörg áhugaverð námskeið eru í boði á unglíngastigi líkt og á miðstigi eins og sjá má hér fyrir neðan.

Lota 3
Franska
Knapamerkið
Kynfræðsla
Nýsköpun
Skák
Styrktarþjálfun
Bifröst

Lota 4
Boltaval
Hnútar og útivistarvenjur
Knapamerkið
Skák
Tálgun
Undirbúningur fyrir bílpróf

Útgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.  
Ábm.: Kristín M. Valgarðsdóttir